

**Staðfesting forsetans** á skipulagsskrá fyrir styrktarsjóð Soroptimistklúbbs Reykjavíkur, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 3. apríl 1964.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir styrktarsjóð Soroptimistklúbbs Reykjavíkur.

### 1. gr.

Sjóðurinn heitir Styrktarsjóður Soroptimistklúbbs Reykjavíkur, og er stofnaður af því félagi.

### 2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 50000.00 — fimmtíu þúsund króunur —.

### 3. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða.

Tekjur sjóðsins eru:

- a) vextir,
- b) gjafir og aðrar tekjur, sem sjóðnum kunna að áskotnast.

### 4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að veita námsstyrki eða námslán til drengja, sem hafa verið lengri eða skemmri tíma á Breiðuvíkurheimilinu eða hliðstæðri stofnun, svo og til annarra drengja, sem svipað stendur á um.

### 5. gr.

Veita skal þegar á næsta skólaári  $\frac{3}{4}$  hluta af vöxtum sjóðsins, en leggja  $\frac{1}{4}$  hluta vaxtanna við höfuðstól hans, og skal svo gert þar til höfuðstóll sjóðsins hefur náð þeirri upphæð, að heildarvextir hans nægi að mestu til skóla- eða námskostnaðar fyrir einn dreng vetrarlangt. Þá skal árlega veita upphæð, sem nemur öllum vöxtum höfuðstólsins.

### 6. gr.

Verði ekki árlega veitt úr sjóðnum, shr. 5. gr., má geyma upphæðina til annars árs. Veita má fleirum en einum umsækjanda aðstoð samtímis.

### 7. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrjár konur, kostnar af Soroptimistklúbbs Reykjavíkur, og skulu þær vera félagskonur í því félagi. Verði Soroptimistklúbbs Reykjavíkur leystur upp, má gera breytingu á þessu ákvæði. Stjórn sjóðsins kys sér formann. Skal stjórnin hafa forgöngu um fjársöfnun til sjóðsins og annast veitingu styrkja.

### 8. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

### 9. gr.

Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af endurskoðendum Soroptimistklúbbs Reykjavíkur.

### 10. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Í stjórn sjóðsins, 14. marz 1964.

Guðrún Stefánsdóttir.

Halldóra Eggertsdóttir.

Rannveig Þorsteinsdóttir.